

Fundargerð hreppsnefndar 28. september 2017

Fundur nr. 67 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur verður haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 28. september 2017 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Bárður Jónasson, Sigríður Bragadóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. 1. Fundargerðir:

a) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 31. ágúst og 25. september 2017

Fundargerð dags. 31. ágúst samhljóða samþykkt.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi HB Granda í fundargerð dags. 25. september og samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna að málinu. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

b) Fræðslunefndar dags. 7. september 2017

Eftirfarandi bókun var lögð fram: *Oddviti leggur til að Einar Björn Kristbergsson taki sæti í fræðslunefnd svo nefndin verði fullskipuð.* Samhljóða samþykkt.

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c) Hafnarnefndar dags. 19. september 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d) Nefndar um byggingu vallarhúss dags. 20. september 2017

Lagt fram til kynningar.

e) 157. fundar Félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar.

1. 2. Almenn mál:

a) Erindi frá bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs um frekari samvinnu sveitarfélaga

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkt að farið verði til fundarins.

b) Tillaga stjórnar SSA um stjórnunarfyrirkomulag SSA og samstarf við Austurbrú

Fram fór umræða um málið en annars lagt fram til kynningar.

c) Tillögur að ályktunum sem lagðar verða fyrir aðalfund SSA á Breiðdalsvík 29. september nk.

Lagt fram til kynningar.

Oddviti vék síðan af fundi vegna SSA-fundar og við fundarstjórn tók Sigríður Elva. Bauð Sigríður verkefnastjórn íbúabings velkomna til fundar og bauð Sigurborgu Kr. Hannesdóttur að taka við en fyrir fundi lá vinnuskjal verkefnastjórnar.

d) Verkefnastjórn íbúabingsins kynnir lokaniðurstöðu íbúafunda

Verkefnastjórn, sem hafði það hlutverk að fylgja eftir skilaboðum þingsins, kynnti verkefnavinnuna nánar og fram fór umræða um stöðu einstakra þátta.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:30.

[Fylgigögn fundar 280917.pdf](#)